# REGLUGERÐ

## um bann við kolmunnaveiðum á Þórsbanka.

1. gr.

Frá og með 15. maí 2003, eru allar veiðar á kolmunna bannaðar á Þórsbanka á svæði sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64° 16′ N – 12° 00′ V
2. 64° 10′ N – 12° 09′ V
3. 64° 00′ N – 12° 09′ V
4. 63° 46′ N – 12° 09′ V
5. 63° 26′ N – 11° 55′ V
6. 63° 17′ N – 11° 20′ V
7. 63° 30′ N – 10° 55′ V
8. 63° 45′ N – 10° 40′ V
9. 64° 04′ N – 11° 04′ V
10. 64° 17′ N – 10° 34′ V
11. 64° 37′ N – 10° 51′ V
12. 64° 33′ N – 11° 30′ V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. maí 2003.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*

8. maí 2003 Nr. 335

# AUGLÝSING

## um deiliskipulag í Reykjavík og Kópavogi.

*Reykjanesbraut, Stekkjarbakki, Smiðjuvegur, mislæg gatnamót, breyting á deiliskipulagi.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 4. mars 2003 og bæjarstjórn Kópavogs þann 11. mars 2003, breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Reykjanesbrautar milli Stekkjarbakka og Breiðholtsbrautar varðandi breytingar á mislægum gatnamótum Reykjanesbrautar, Stekkjarbakka og Smiðjuvegar og svæðisins í kringum gatnamótin.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 8. maí 2003.*

**Helga Bragadóttir,**
skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar.

**Birgir Sigurðsson,**
skipulagsstjóri Kópavogsbæjar.

**Stjórnartíðindi B 57, nr. 332–335. Útgáfudagur 13. maí 2003.**